

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/942**  
**komudagur 21.2.2006**



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Nefndarsvið Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.02.2006  
Tilv. 060/2005 - 0.53  
HPH

**Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 388. mál, reykingabann.**

Lýðheilsustöð fagnar ofangreindu frumvarpi og hefur engar athugasemdir við frumvarpið í heild né einstakar greinar þess. Ennfremur fjallaði tóbaksvarnaráð um erindið á fundi þann 17. febrúar sl. og lýsti yfir einróma stuðningi við frumvarpið.

Lýðheilsustöð vill hnykkja á nokkrum lykilrökum fyrir afstöðu sinni til ofangreinds frumvarps:

- Óyggjandi vísindaleg rök liggja fyrir um að tóbaksreykur getur skaðað heilsu þess sem andar honum að sér. Það á bæði við um þann sem reykir og hinn sem ekki reykir en andar að sér reyk frá öðrum. Frumvarpið er því mikilvægt vinnuverndarskref og í takt við það sem flestum stéttum hefur þegar verið tryggt.
- Skipting rýmis í reyksvæði og reyklaus svæði og/eða loftræsting dregur úr dreifingu tóbaksreyks en nægir ekki til að vernda heilsu starfsmanna sem vinna í umhverfi þar sem reykt er. Það að gera vinnustaði reyklausa er eina leiðin til að tryggja að starfsfólk verði ekki fyrir skaða af völdum tóbaksreyks við vinnu sína.
- Vaxandi fjöldi þjóða hefur sett skýr lög um reyklausa vinnustaði (veitinga- og skemmtistaðir þar á meðal) byggð á vísindalegum rökum og með vinnuvernd að sjónarmiði.
- Reynsla annarra þjóða, sem hafa innleitt lög um reyklausa veitinga- og skemmtistaði og skoðað heilsufar starfsfólk fyrir og eftir gildistöku, sýnir jákvæðar heilsufarsbreytingar hjá starfsfólki eftir gildistöku laganna. Þetta bendir til þess að markmið laganna hafi náðst, þ.e. vinnuumhverfi starfsmannanna var bætt sem og líðan þeirra.

Virðingarfyllst

*Anna E. Ólafsdóttir*

Anna Elísabet Ólafsdóttir,  
forstjóri Lýðheilsustöðvar

*Jakobína Hólmfríður Árnadóttir*

Jakobína Hólmfríður Árnadóttir,  
verkefnisstjóri tóbaksvarna